

Þingsályktun

um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004.

Alþingi ályktar að á árunum 2000–2004 skuli varið 4.650 millj. kr. til að grafa jarðgöng sem hluta af vegakerfi landsins. Fyrstu verkefni sem framkvæma skal eru jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að næstu verkefnum. Sérstaklega verði rannsökuð göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á Vestfjörðum og á Austfjörðum ný göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og göng milli Héraðs og Vopnafjarðar.

Fjárveitingar skiptast á verkefni og ár sem hér segir (millj. kr.):

	2000	2001	2002	2003	2004
Siglufjörður–Ólafsfjörður og Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður	100	200	1.400	1.400	1.400
Rannsóknir til undirbúnings jarðganga á Vestfjörðum og Austfjörðum			50	50	50
Samtals	100	200	1.450	1.450	1.450

Kostnaður við jarðgangagerðina greiðist úr ríkissjóði. Verði fjár aflað sérstaklega í þessu skyni, m.a. með sölu ríkiseigna.

Jarðgangaáætlun skal felld að vegáætlun og endurskoðuð jafnhliða henni, á tveggja ára fresti. Við endurskoðun bætast við tvö ár hverju sinni.

Samþykkt á Alþingi 13. maí 2000.

